

## **Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 25. janúar 2024, um tillögu um sérákvæði um breytingar á Laugavegi**

Íbúaráð Miðborgar og Hlíðar tekur undir framkomna tillögu og þykir tímabært að gera þann hluta Laugavegs sem nú er göngugata óslitinn. Vandamál af núverandi ástandi hafa helst skapast á mótum Laugavegs og Klapparstígs, þar sem leigubifreiðar sem bíða farþega leggja í röð meðfram vesturvegkanti Klapparstígs og yfir göngugötuna. Óslitin göngugata ætti að koma í veg fyrir að bifreiðar verði stöðvaðar á göngugötunni.

Þá er breytt akstursstefna á milli Frakkastígs og Klapparstígs af hinu góða. Nokkur ruglingur hefur skapast um akstursstefnu og ákjósanlegt er að hún sé hin sama alla götuna.

Íbúaráðið mælir með að fyrirliggjandi tillaga verði samþykkt.